



HRUNAMANNAHREPPUR

5. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 11. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 2. OKTÓBER 2014

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2014, þann 2. október kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 3 mál, byggðasamlag vegna málefna fatlaðra á Suðurlandi, skipun í svæðisskipulagsnefnd Uppsveita og lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Val á ráðgafa vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps.
2. Örn Erlendsson: Dvalar- og hjúkrunarheimili í uppsveitum Árnassýslu.
3. OneSystem: Málaskrá og landupplýsingarkerfi-minnisblað.
4. Við stólum á þig: Innkaupatöskur.
5. Umhverfis- og auðlindarráðuneytið: Reglugerð um starfsemi slökkviliða.
6. Skipun í starfsnefnd um uppbyggingu íþróttasvæðis.
7. Íþróttamaður Hrunamannahrepps. Endurskoðun á reglum.
8. Ferðamálaráð Uppsveita.
9. Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um þingsályktunartillögu um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu.
10. Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsagnarbeiðni vegna endurnýjunnar á rekstrarleyfi Hótel Flúða.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

11. Fundargerð 76. fundar skipulagsnefndar frá 11. september s.l.
Mál nr. 14: landsskipulagsstefna.
12. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 20. fundar stjórnar frá 11. september s.l.
13. Fundargerð 77. fundar skipulagsnefndar frá 29. september s.l.
-liggur frammi á fundinum-
14. Ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu: Minnispunktar frá 15. september sl.
15. NOS: Fundargerð 2. fundar frá 4. september s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 158. fundar stjórnar frá 29. ágúst s.l.
- b. Stjórn þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks: 7. fundur stjórnar frá 13.júní 2014.
- c. Stjórn þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks: 8. fundur stjórnar frá 3. september 2014.
- d. SASS: Fundargerð 483. fundar stjórnar frá 10. september s.l.
- e. Fagræð Tónlistarskóla Árneseinga. 167. fundur fagræðs frá 3. september s.l.
- f. Almannaþingir Árnassýslu: Fundargerð 17. fundar frá 20. ágúst s.l.
- g. Almannaþingir Árnassýslu: Fundargerð 18. fundar frá 18. september s.l.

Kynningarmál:

- h. Uppsveitahringurinn 2014.
- i. Ályktun frá Samtökum ungra bænda: Varðveisla landbúnaðarlands.
- j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 818. fundar stjórnar frá 12. september s.l.
- k. SASS: Þróun almenningssamgangna á Suðurlandi 2010-2014.
- l. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Ungt fólk 2013.
- m. Innanríkisráðuneytið: framkvæmd sveitarstjórnarlaga.

Fundir framundan:

- n. Fundur með fjárlaganefnd.
- o. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 8. okt. nk.

- p. Fjármálaráðstefna sveitafélaga 9-10 okt. nk.
- q. Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga 14 okt. nk.
- r. SASS þing 21-22. okt. nk.

Skýrslur á skrifstofu:

- s. Mennta- og menningarráðuneytið: Ungt fólk 2013.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Val á ráðgjafa vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti forsögn vegna vals á skipulagsráðgjafa vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps og niðurstöðu verðkönnunar og mats á þeim skipulagsráðgjöfum sem gefið var kost á að taka þátt í verkefninu. Sveitarstjóri, oddviti og skipulagsfulltrúi skiluðu rökstuddu álitni við hvaða aðila væri samið. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Steinholt sf sem ráðgjafa vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps.
2. **Örn Erlendsson: Dvalar- og hjúkrunarheimili í uppsveitum Árnessýslu.**
Oddviti kynnti bréf frá Erni Erlendssyni sem vill fylgja eftir ályktunum um dvalar- og hjúkrunarheimili í Uppsveitum og skorar á sveitarstjórnir að taka málið upp. Sveitarstjórn tekur undir nauðsyn uppbyggingar á hjúkrunarheimilunum á svæðinu og sveitarstjórn mun áfram vinna að þeim málum á vettvangi Héraðsnefndar Árnesinga.
3. **OneSystem: Málaskrá og landupplýsingakerfi-minnisblað.**
Oddviti kynnti minnisblað frá Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. um upptöku á mála- og landupplýsingakerfi fyrir embættið frá OneSystem. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að skoða að taka upp mála- og skjalakerfi frá OneSystem fyrir sveitarfélagið.
4. **Við stólum á þig: Innkaupatöskur.**
Oddviti kynnti erindi um kaup á innkaupatöskum til stuðnings MND félagsins og SEM samtakanna. Sveitarstjórn vísar málinu til Umhverfisnefndar.
5. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Reglugerð um starfsemi slökkviliða.**
Oddviti kynnti erindi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um nýja reglugerð um starfsemi slökkviliða. Jafnframt var lögð fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga og tölvupóstur frá Brunavörnum Árnessýslu vegna málsins. Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir Sambandsins við reglugerðina.
6. **Skipun í starfsnefnd um uppbyggingu ípróttasvæðis.**
Sveitarstjórn leggur til að skipuð verði starfsnefnd um uppbyggingu ípróttasvæðis á Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir að nefndina skipi Unnsteinn Eggertsson, formaður, Árni Þór Hilmarsson og Bjarney Vignisdóttir.
7. **Ípróttamaður Hrunamannahrepps. Endurskoðun á reglum.**
Oddviti kynnti málið. Sveitarstjórn samþykkir að fela nefnd þriggja manna sem nú er skipuð til að standa að kjöri og útnefningu ípróttamanns Hrunamannahrepps að yfirfara reglugerð um kjörið og skila tillögum til sveitarstjórnar eigi síðar en fyrir desemberfund sveitarstjórnar.
8. **Ferðamálaráð Uppsveita.**
Oddviti kynnti hugmyndir að stofna Ferðamálaráð Uppsveita sem m.a. hefur þann tilgang að vera ferðamálafulltrúa Uppsveita til stuðnings. Sveitarstjórn samþykkir að skipa Unnstein Eggertsson sem aðalmann í Ferðamálaráð Uppsveita og Elvar Harðarson til vara.
9. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um þingsályktunartillögu um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um þingsályktunartillögu frá velferðarnefnd Alþingis um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu.
10. **Sýslumaðurinn á Selfossi: Umsagnarbeiðni vegna endurnýjunnar á rekstrarleyfi Hótel Flúða.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni vegna endurnýjunnar á rekstrarleyfi Hótel Flúða. Sveitarstjórn samþykkir rekstrarleyfið og staðfestir að staðsetning staðarins sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag kveða á um.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

11. Fundargerð 76. fundar skipulagsnefndar frá 11. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 76. fundar skipulagsnefndar frá 11. september s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 14: Landsskipulagsstefna.

Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir skipulagsnefndar við landskipulagsstefnuna.

12. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 20. fundar stjórnar frá 11. september s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 20. fundar stjórnar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. Farið var yfir skjala- og landupplýsingarkerfi skipulags- og byggingafulltrúa og starfsemi Tæknisviðs Uppsveita. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

13. Fundargerð 77. fundar skipulagsnefndar frá 29. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 77. fundar skipulagsnefndar frá 29. september s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 28. ágúst til 29. ágúst s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 1: Ásgarður Kerlingarfjöllum. Skáli á Keis.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og felst því á að ekki sé hægt að veita byggingarleyfi fyrir uppgerð hússins Kastala á nýjum stað nema að undangenginni deiliskipulagsbreytingu.

Mál nr. 5: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 28. ágúst til 29. september.

Mál nr. 11: Aðalskipulagsbreyting. Efri-Kisubotnar.

Kynnt var beiðni frá Fannborg ehf þar sem óskað var eftir breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps þannig að gert verði ráð fyrir að hægt verði að deiliskipuleggja svæði í Efri-Kisubotnum þar sem skipulögð yrði gistiaðstaða fyrir göngufólk. Sveitarstjórn samþykkir að áður en ákvörðun verði tekin um breytingu á aðalskipulagi verði leitað umsagnar Landbúnaðarnefndar varðandi staðsetningu skálans í Efri-Kisubotnum.

Mál nr. 12: Deiliskipulagsbreyting í Ásgarði Kerlingarfjöll.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að hafna þeirri skoðun Skipulagsstofnunar að bíða eigi með auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi í Ásgarði þar til landsskipulagsstefna um þjónustu við ferðamenn á hálendinu liggur fyrir. Fyrir liggur að Forsætisráðuneytið gerir ekki athugasemdir við breytingu á deiliskipulaginu. Sveitarstjórn samþykkir því að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga með breytingum til að koma á móts við ábendingar Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 13: Aðalskipulagsbreyting í landi Grafar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að hafna þeirri skoðun Skipulagsstofnunar að fara eigi með breytingu á aðalskipulagi vegna frístundabyggðar úr landi Grafar við Bræðratunguveg skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga. Sveitarstjórn tekur undir rök skipulagsnefndar um að breytingin sé ekki veruleg og felur skipulagsfulltrúa að senda erindi með rökstuðningi til Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 14: Deiliskipulagsbreyting í landi Högnastaða. Færsla á vegi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og að um sé að ræða minni háttar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að færa aðkomu í hverfið alfarið inn í hverfið í stað þess að samnýta reiðveg. Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

14. Ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu: Minnispunktar frá 15. september sl.

Oddviti kynnti minnispunkta vegna fundar með ferðamálafulltrúa Uppsveitar. Þar var farið yfir helstu framkvæmdir aðila í ferðamálaum, fjallað um merkingar, Matarsmiðjuna, viðburði, ferðamálaráð Uppsveita og úttekt með atvinnuráðgjöfum SASS.

15. NOS: Fundargerð 2. fundar frá 4. september s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 2. fundar NOS. Þar var farið yfir fjárhagsstöðu NOS, staða skóla- og velferðarsviðs kynnt, rætt um jafnréttismál, rætt stofnun byggðarsamlags um þjónustusvæði fatlaða á Suðurlandi og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Önnur mál:

16. Byggðasamlag vegna málefna fatlaðra á Suðurlandi.

Oddviti lagði fram drög að samþykktum fyrir byggðasamlag vegna málefna fatlaðra á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir stofnun byggðasamlagsins um málefni fatlaðra á Suðurlandi og felur oddvita að skrifa undir nauðsynleg skjöl vegna stofnunar byggðasamlagsins.

17. Skipun í svæðisskipulagsnefnd Uppsveita.

Oddviti fór yfir þá hugmynd að skipuð yrði svæðisskipulagsnefnd fyrir Uppsveitir og Flóa með það að markmiði að gera sameiginlegt svæðisskipulag fyrir svæðið. Sveitarstjórn samþykkir að taka þá í svæðisskipulagsnefnd fyrir Uppsveitir og skipar Ragnar Magnússon og Halldóru Hjörleifsdóttur sem aðalmenn og Bjarneyju Vignisdóttur og Sigurð Sigurjónsson til vara.

18. Lántaka hjá Lánasjóði Sveitarfélaga ohf.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 25.000.000 kr., í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna stækkun íþróttahúss, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, kt. 060568-4809, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hrunamannahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari."

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 158. fundar stjórnar frá 29. ágúst s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. Stjórn þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks: 7. fundur stjórnar frá 13.júní 2014.

Lagt fram til kynningar.

c. Stjórn þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks: 8. fundur stjórnar frá 3. september 2014.

Lagt fram til kynningar.

d. SASS: Fundargerð 483. fundar stjórnar frá 10. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

e. Fagráð Tónlistarskóla Árnesinga. 167. fundur fagráðs frá 3. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

f. Almannaþingur Árnessýslu: Fundargerð 17. fundar frá 20. ágúst s.l.

Lagt fram til kynningar.

g. Almannaþingur Árnessýslu: Fundargerð 18. fundar frá 18. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

h. Uppsveitahringurinn 2014.

Sveitarstjórn samþykkir að senda skýrsluna til umfjöllunar í ferða- og menningarnefnd.

i. Ályktun frá Samtökum ungra bænda: Varðveisla landbúnaðarlands.

Lagt fram til kynningar.

j. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 818. fundar stjórnar frá 12. september s.l.

Lagt fram til kynningar.

k. SASS: Þróun almenningsssamgangna á Suðurlandi 2010-2014.

Lagt fram til kynningar.

l. Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Ungt fólk 2013.

Lagt fram til kynningar.

m. Innanríkisráðuneytið: framkvæmd sveitarstjórnarlaga.

Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

n. Fundur með fjárlaganefnd.

Lagt fram til kynningar.

o. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 8. okt. nk.

Lagt fram til kynningar.

p. Fjármálaráðstefna sveitafélaga 9-10 okt. nk.

Lagt fram til kynningar.

q. Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga 14 okt. nk.

Lagt fram til kynningar.

r. SASS þing 21-22. okt. nk.

Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

s. Mennta- og menningarráðuneytið: Ungt fólk 2013.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:40.